

Fundargerð háskólaráðs

345. fundur 14. apríl 2014

í fundaherbergi 402, Borgum kl. 10.00 – 12.15

Staðgengill rektors, Sigrún Stefánsdóttir, setti fund kl. 10.05.

Mættir voru auk hennar:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs (á Skype)
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Lísa Z. Valdimarsdóttir skjalastjóri (fundarritari)

Gestir:

Hjördís Sigursteinsdóttir formaður stjórnar FHA
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Sigrún setti fund kl. 10.05.

1. Fundargerð

Fundargerð 344. fundar var borin upp og samþykkt.

2. Um verkfallsboðun

1404019

Úlfar og Hjördís komu á fundinn og bauð Sigrún þau velkomin. Úlfar greindi frá því að fulltrúar frá FHA og HA hafi ekki fengið aðkomu að kjaraviðræðum FH, HÍ og fjármálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis. HA hafi í raun ekki verið inni í umræðunni hingað til. Eftir samtal við fulltrúa menntamálaráðuneytis telur Úlfar þó líkur á að

581 HG HGA
t.h. 6

að hægt verði að semja með sambærilegum hætti fyrir FHA og FH og hann er hóflega bjartsýnn á að samningar náist fyrir páska. Hjördís tók undir orð Úlfars og nefndi að FHA hafi óskað eftir því að fá fulltrúa inn í samninganefndina, en því var hafnað. Hjördís sagði einnig frá því að samningarnir núna snúist fyrst og fremst að leiðréttingu á launatöflu og að stofnanasamningar þurfi að liggja fyrir áður en aðal kjarasamningur verði undirritaður.

3. Ráðning rektors, kynning á niðurstöðum valnefndar

1401153, 1403046

Sigrún bauð dr. Jón Torfa Jónasson formann valnefndar vegna embættis rektors velkominn. Valnefnd hefur lokið störfum og skilaði álitsskýrslu til háskólaráðs fyrir fundinn. Jón Torfi greindi í upphafi frá starfi nefndarinnar og því að samstarf nefndarinnar hafi verið mjög ánægjulegt og gengið vel. Hún hefði verið einróma í tilnefningu sinni um þá þrjá umsækjendur sem hún taldi hæfasta. Jón Torfi kvað það ánægjulegt fyrir háskólann hve góðar umsóknir hefðu borist og greindi hann háskólaráði frá umsækjendunum sjö. Þeir eru: dr. Anna Elísabet Ólafsdóttir, dr. Eyjólfur Guðmundsson, dr. Javier Sánchez Merina, dr. Sigurður Kristinsson, dr. Sveinn Aðalsteinsson, dr. Sveinn Viðar Guðmundsson og dr. Ögmundur Knútsson. Jón Torfi dró fram atriði sem nefndin taldi styrkja hvern og einn umsækjanda og fékk þá alla til viðtals, ýmist á staðinn eða í gegnum Skype. Nefndin leitaði ekki umsagnar meðmælenda við vinnu sína. Á grundvelli viðtalanna og umsóknargagna byggði nefndin álit sitt og tilnefndi í lokin þrjá umsækjendur, án röðunar, eins og áður hefur komið fram. Þeir eru í stafrófsröð Eyjólfur Guðmundsson, Sigurður Kristinsson og Sveinn Viðar Guðmundsson.

Eftir umræðuna þakkaði Sigrún Jóni Torfa og valnefndinni fyrir góð störf og aðrir í háskólaráði tóku undir það.

Jón Torfi yfirgaf fundinn.

Háskólaráð samþykkti í framhaldinu að leggja tillögur valnefndar til grundvallar við áframhaldandi vinnu við ráðningarferlið og var Sigrúnu falið að ræða við lögfræðing menntamálaráðuneytis um næstu skref. Umsækjendurnir þrír sem valnefnd tilnefndi verða boðaðir í viðtal laugardaginn 10. maí og fyrir þann tíma verður haft samband við meðmælendur, sem Hafdísí Ernu var falið að sjá um.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

Hafdís Erna Asbjarnardóttir Herminía Gunnarsdóttir
Eyjólfur Guðmundsson